

Reykjavík, 30. nóvember 1990

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis
b.t. Þorsteinn Magnússon nefndaritari
Alþingi

150 - REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 98113

komudagur 30/11 1990

Málefni: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Frumvarp um sama efni.
Bréf menntamálanefndar dags. 8.11.1990
99. mál.

Ágætu nefndarmenn.

Við þökkum fyrir að gefa okkur kost á að koma með athugasemdir vegna frumvarps til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem lagt hefur verið fram á Alþingi og fögnum því jafnframt að mál þetta virðist ætla að fá skjóta afgreiðslu þingsins enda brýnt að koma þessum málum í viðunandi horf.

Þá er það ekki síður ánægjulegt að vita til þess að fjármunir til stofnunar og reksturs stöðvarinnar skuli vera á fjárlögum næsta árs. Við teljum að með Samskiptamiðstöðinni verði stigin mörg skref fram á við í málefnum heyrnarlausra/heyrnarskertra og aðstandenda þeirra.

Eftirfarandi breytingu viljum við þó gera á 2. gr., I. kafla frumvarpsins þannig að skýrara verði kveðið á um samstarf við m.a. Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands m.t.t. rannsókna á táknmáli og væntanlegu túlkanámi. Þar eru þegar fyrir hendi þekking og reynsla hjá málvísindamönnum sem kemur að miklum notum. Greinin hljóði því svo:

2. gr.

Lög þessi taka til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast:

- a) Rannsóknir á íslensku táknmáli
- b) Kennslu táknmáls
- c) Táknmálstúlkun
- d) Aðra þjónustu.

Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í ítarlegri reglugerð.

Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeina- og talmála- og greiningarstöð Íslands, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Námsgagnastofnun, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórn Foreldra- & styrktarfélags heyrnardaufra


Sigrunveig Alexandersd. varaformaður.